

## Því dæmist rétt vera:

Kærður, Hallgrímur Júlíusson, greiði 29500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin eigi greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærður afplána hana með sjö mánaða varðhaldi.

Þá greiði kærður allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maí 1944.

Nr. 112/1943. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)  
gegn

**Karli Ó. Guðmundssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. **Theódór B. Línal**  
í stað hrd. **Gizurar Bergsteinssonar**.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Heimvísun.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóm hefur kveðið upp Kristinn Ólafsson, dómari samkvæmt umboðsskrá.

Með umboðsskrá 14. apríl 1942 var héraðsdómarinn í máli þessu skipaður til þess að rannsaka kærur, er fram höfðu komið um botnvörpuveiðar 10 vélbáta í landhelgi í nánd við Vestmannaeyjar, og fara með og dæma mál gegn þeim, er saksóttir kynnu að verða. Dómarinn hóf síðan rannsókn út af sakargiftum þessum sameiginlega og ósundurgreint að því er varðaði alla bátsformenn þá, er hann dró inn í málið, enda þótt ekki væri það samband milli þeirra athafna, er formönnunum var sök á gefin, að sú aðferð ætti við. Þá er rannsókninni einnig áfátt um ýmiss fleiri atriði, svo sem það, að þrátt fyrir neitun kærða um sök, hefur ekki verið tekin skýrsla af neinum bátverja hans og engin samprófun kærða og vitna farið fram. Ekki hefur verið rannsakað, hvers konar veiðarfæri kærði hafði í báti sínum 25. marz 1942, og ekki hefur staður sá, þar sem kærður telja kærðan hafa verið að botnvörpuveiðum nefndan dag, verið markaður á uppdrætti.

Í þinghaldi 19. júní tilkynnti dómariinn kærða, „að rannsókn málsins væri lokið að öðru en því, að kærendurnir myndu væntanlega staðfesta með eiði skýrslu sína.“ Eftir það hefur dómariinn þinghöld 27. júní, 1. júlí og 7. ágúst 1942, er málið var tekið til dóms. Kærði var ekki viðstaddur neitt þessara þinghalda, en þá eru m. a. lögð fram skjöl, er hann varða, og var honum ekki gefinn kostur á að kynna sér þau. Aldrei var kærða tilkynnt málshöfðun né honum greind kæruatriði, og ekki var hann um það spurður, hvort hann óskaði að fá verjanda í málinu, enda kom engin vörn fram af hans hendi.

Samkvæmt framansögðu eru þeir megingallar á málstilbúnaði og rannsókn máls í héraði, að orka verður ómerkingu dóms og málsmeðferðar þar, og ber að vísa málinu af nýju heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 krónur til hvors.

#### Því dæmist rétt vera:

Málsmeðferð og dómur í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað.

Áfrýjunarkostnað sakarinnar greiðir ríkissjóður, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 300 krónur til hvors.

#### Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 13. ágúst 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. ágúst síðastliðinn, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Karli Óskari Guðmundssyni, Steinum hér í bæ, skipstjóra á v/b Ársæli VE 8, fyrir brot á lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Kærði, Karl Óskar Guðmundsson, hefur áður sætt refsingum eins og sér segir:

- 1933  $2\frac{1}{2}$  kr. 25.00 fyrir brot á fiskveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar.
- 1936  $1\frac{1}{2}$  með dómi hæstaréttar dæmdur í tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir brot gegn 101., 102. og 109. gr. hgl. frá 1869.
- 1936  $1\frac{1}{6}$  kr. 150.00 sekt fyrir ölvun og barsmiðar.

Málavextir eru þessir:

Þann 25. marz síðastliðinn var trillubáturinn Óli VE 103 á handfærafiskirii við Landeyjasand. Sáu bátsverjar þá v/b Ársæl VE 8, sem kærður er skipstjóri á, vera að veiðum með botnvörpu á 12—15 faðma dýpi út af gamla strandinu, en það er á sandinum rétt vestan við, þar sem Álarnir falla til sjávar. En á þessu svæði nær landhelgi alla leið milli lands og Eyja, og kærði því trilluformaðurinn málið til bæjarfógeta.

Kærður hefur neitað að hafa verið að botnvörpuveiðum og mót-mælt að því leyti framburði bátsverja á trillubátnum.

Hafa vitnin Sigurjón Ólafsson, formaður á trillubátnum Óla, og háseti hans Ástgeir Kristinn Ólafsson borið það fyrir réttinum og staðfest þann framburð sinn með eiði, að þeir hafi báðir greint togstrengina aftur af Ársæli, er hann var þarna að veiðum umrætt skipti, og sömuleiðis séð, er hann dró inn vörpuna á þessum sömu slóðum. Á þessum stað nær landhelgissvæðið alla leið til Vestmannaeyja, svo augljóst er, að bátur, sem er á 12—15 faðma dýpi út af gamla strandinu, er langt inni í landhelginni.

Það verður því með framangreindum eiðfestum samhljóða framburði tveggja vitna, sem ekkert hefur komið fram gegn, er hnekki honum, að telja nægilega sannað, að kærður hafi þann 25. marz s. l. verið að ólöglegum botnvörpuveiðum innan landhelgi undir Landeyjasandi á v/b Ársæl VE 8.

Hefur kærður með því gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. 1. nr. 4 frá 1924. Refsing sú, er hann hefur til unnið fyrir brot sitt, þykir hæfilega ákveðin kr. 29500.00 sekt í landhelgissjóð, og er þá tekið tillit til, að gullgengi islenzkrar krónu er nú 33.90. Verði sektin eigi greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærður afplána hana með sjö mánaða varðhaldi.

Um aflu er nú ekki að ræða, og ekki þykir rétt að gera upptæk veiðarfæri, þegar svo langt er um liðið.

Þá greiði kærði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Karl Óskar Guðmundsson, greiði 29500 króna sekt í landhelgissjóð Íslands, og verði hún eigi greidd innan fjöggra

vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal hún afplánuð með sjö mánaða varðhaldi.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maí 1944.

Nr. 111/1943. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)  
gegn

**Guðna Jónssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal  
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ómæringing héraðsdóms og málsmeðferðar. Heimvísun.

### Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur kveðið upp Kristinn Ólafsson, dómari samkvæmt umboðsskrá.

Með umboðsskrá 14. apríl 1942 var héraðsdómarinn í máli þessu skipaður til þess að rannsaka kærur, er fram höfðu komið um botnvörpuveiðar 10 vélbáta í landhelgi í nánd við Vestmannaeyjar, og fara með og dæma mál gegn þeim, er saksóttir kynnu að verða. Dómarinn hóf síðan rannsókn út af sakargiftum þessum sameiginlega og ósundurgreint að því er varðaði alla bátsformenn þá, er hann dró inn í málið, enda þótt ekki væri það samband milli þeirra athafna, er formönnunum var sök á gefin, að sú aðferð ætti við. Þá er rannsókninni einnig áfátt um ýmiss fleiri atriði, svo sem það, að þrátt fyrir neitun kærða um sök, hefur ekki verið tekin skýrsla af neinum bátverja hans og engin samprófun kærða og vitna farið fram. Ekki hefur verið rannsakað, hvers konar veiðarfæri kærði hafði í báti sínum 25. marz 1942, og ekki hefur staður sá, þar sem kærundur telja kærðan hafa verið að botnvörpuveiðum nefndan dag, verið markaður á uppdrætti.

Í þinghaldi 19. júní 1942 skýrir dómarinn kærða frá því, „að staðfesting færi fram á framburði kærendanna eftir helgina og honum yrði tilkynnt, hvenær það yrði, svo að